



LEIÐBEININGAR FYRIR VINNUSTOFUR

Eftirfarandi skjal inniheldur hagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar fyrir þá sem hafa tekið að sér að vera stjórnendur vinnustofa.

Skjalið var upphaflega útbúið sem leiðarvísir fyrir vinnustofustjóra á U-LYNC 2024 ungmennaráðstefnunni, en hefur nú verið aðlagð fyrir kennara, frístundastarfsmenn og aðra sem vilja vinna með ungmennum að sambærilegum vinnustofum í sínu nærumhverfi. Tilgangur skjalins er að styðja við skipulagningu og framkvæmd umræðna um málefni sem snerta ungt fólk beint, í anda U-LYNC sem byggir á hugmyndafræðinni „af ungmennum fyrir ungmenni“. Skjalið hjálpar leiðbeinendum að skapa öruggt og hvetjandi rými þar sem ungmenni fá tækifæri til að móta hugmyndir og koma með tillögur að lausnum að þeim vandamálum sem þau telja brýnust í sínu nærumhverfi. Markmiðið er að efla rödd ungs fólks og skapa vettvang þar sem hugmyndir þeirra geta haft raunveruleg áhrif.

Almennar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir vinnustofur:

- Ungmennunum skal vera úthlutað umræðuborði.
- Vinnustofan byrjar á kynningarhring á hverju borði.
- Tímasetningar: Fylgið tímaplaninu eins nákvæmlega og hægt er!
- Útskýrið að markmiðið sé að hvert borð komi með eina vel þróaða lausn eða tillögu við vandamáli sem þau greina innan þema vinnustofunnar.
- Gætið þess að deila tíma jafnt milli borða í umræðunum og spyrjið gagnrýninna og skapandi spurninga án þess að taka yfir umræðuna.

Hvetjið til samvinnu og fjölbreyttra leiða við að kynna niðurstöður (t.d. teikningar), ýtið undir ígrundun og leggið áherslu á að nú hafi þau vald til að segja okkur **HVERJU** þau vilja breyta, **HVERS VEGNA** þau vilja breyta því og, mikilvægast af öllu, **HVERNIG** þau vilja sjá breytingarnar verða að veruleika!

Ungmenni hafa einstaka sýn á málefni sem snerta þau sérstaklega og einnig á þau mál sem hafa áhrif á samfélagið í heild sinni. Því ættu þau að hafa stærra vægi í því hvernig forgangsroðun fer fram og aðstoða við að leysa úr þeim málum sem skipta þau mestu máli.

Tillaga: Uppsetning vinnustofa

Umferð 1: Hugmyndavinna og umræður

Ungmennin skrifa niður málefni sem þau telja mikilvæg á miða (post-it) í allt að 10 mínútur. Að því loknu kynna þau hugmyndir sínar og hópurinn ræðir þær saman.

Umferð 2: Vandamálagreining og forgangsröðun

Ungmennin flokka miðana eftir efni og líma þá á stórt blað, skyldar hugmyndir eru sameinaðar. Að því loknu velja þau þrjár mikilvægustu hugmyndirnar með því að nota límmiða (punktar). Hver einstaklingur hefur þrjú atkvæði og getur dreift þeim að vild. Þrír miðarnir sem fá flest atkvæði verða í brennidepli næstu umferðar.

Hlé

Allir hópar ættu að vera búnir að velja þrjú áhersluefni sín. Á hléinu er mikilvægt að hvetja ungmennin til að ganga á milli borða og skrifa niður lausnatillögur við hugmyndir annarra hópa. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þeirra eigin hugmynd komst ekki í efstu þrjú á þeirra borði!

Umferð 3: Lausnaformun og lokaumræður

Fyrstu 10 mínúturnar vinna ungmennin að því að móta **eina lausn** fyrir hvert málefna (það geta verið fleiri, en markmiðið er að finna eina fyrir hvert). Að því loknu greiða þau atkvæði um þá hugmynd sem þeim finnst best og sú hugmynd sem fær flest atkvæði verður sú lausn sem þau munu vinna áfram með. Markmiðið er að finna út **HVERNIG** hægt er að hrinda breytingunum sem þau vilja sjá í framkvæmd.


Þegar þessari umferð er lokið kynna öll borð stutta samantekt á lokalausn sinni eða tillögu. Að því loknu munu allir þátttakendur raða niðurstöðunum í forgangsröð með því að nota Menti!

Ferlið ætti að líta eitthvað svona út:


Umferð 1



Umferð 2



Umferð 3



Vinnustofu tékklisti

- ☐ 2 arkir A1 fyrir hvert borð
- ☐ 200 stk. gulir miðar fyrir hugmyndasöfnun
- ☐ 1 tússpenni fyrir hvert borð
- ☐ Nokkur A4 blöð
- ☐ Atkvæðalímimiðar (punktar)
- ☐ Pennar, einn á mann
- ☐
- ☐
- ☐
- ☐
- ☐
- ☐
- ☐
- ☐
- ☐
- ☐